

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina að veita sjálfskuldarábyrgð
á lánum til kaupa á skuttogurum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar, að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á skuttogurum. Ábyrgð má veita fyrir allt að 80% af kaupverði skuttogara.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. maí 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 111 30. des. 1970, um virkjun Lagarfoss.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „í allt að 8000 hestafla orkuveri“ í 1. gr. laganna komi: í allt að 10000 hestafla orkuveri.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. maí 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Kjartansson.